



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

1. skólaráðsfundur 8.11. 2023 kl 15:00 – 16:00

Fundarstjóri og ritari: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

Mættir: Hólmfríður, Linda, Nicole, Inga, Margrét

1. **Skipulag og áherslur vetrarins 2023-2024**, ákveðið að funda á miðvikudaga, senda áminningu sama dag eða deginum áður.

Fulltrúi nemenda – Jóhanna Dyrleif Guðjónsdóttir

Fulltrúi nemenda – Nicole Jóna Jóhannsdóttir

Fulltrúi foreldra/grenndarsamfélags -

Fulltrúi foreldra – Linda Ösp Grétarsdóttir

Fulltrúi foreldrafélags – Sandra Lóa Gunnarsdóttir

Fulltrúi kennara – Hólmfríður Þórisdóttir

Fulltrúi kennara – Ásgeir Rafn Birgisson

Fulltrúi annars starfsfólks – Jóhanna Inga Hjartardóttir

Skólastjóri - Ingibjörg Magnúsdóttir

Aðstoðarskólastjóri –Margrét Lilja Pálsdóttir

Fulltrúi félagsmiðstöðvar – Fjóra Sigrún Sigurðardóttir

2. Kjör skólaráðs fyrir veturinn, **val á grenndarfulltrúa**. Búið er að velja alla fulltrúa í skólaráð nema það vantar ennþá einn fulltrúa foreldra eða úr grenndarsamfélaginu. Hafa samband við Borghildi

3. **Haustfundir – líðanfundir**, ánægja er með líðanfundum og mun betri mæting en á haustfundina árin áður. Góð mæting á flesta fundina. Nýir foreldrar upplifa að þetta séu gagnlegir fundir. Gekk vel að fá bekkjartengla á fundunum. Góðir fundir og hvað svo... hvernig er hægt að fylgja þessu betur eftir og deila því með foreldrum. Senda viðhorfskönnun eftir áramót og spyrja fólk um árangur af fundunum. Kynna þær niðurstöður á heimasíðu.

5. **Opni fundurinn með foreldrafélaginu og stjórnendum**. Einu sinni á ári ber okkur að vera með opinn fund fyrir foreldra, það var mjög dræm mæting. Spurning hvað er hægt að gera til að fá foreldra inn? Vera með þetta strax eftir vinnu? Einn skóli var með þetta frá 17:30 til 19. Starfsfólk í frístund var með gæslu fyrir nem í 1 til 4.bekk og síðan voru grillaðar pylsur fyrir alla. Einnig hægt að tengja þetta við sýningu sem nemendur fá foreldra sína til að koma á og í kjölfarið er hægt að funda.

6. **Brunaæfing 6.nóv** – stóð til að vera með æfingu þann dag og allt tilbúið en þá klikkaði kerfið og ekki hægt að ræsa brunabjölluna. Við urðum að blása æfinguna af því Securitas gat ekki leyst málið í gegnum síma. Stefnum á að vera með æfingu á fimmtudaginn 16. nóv

7. **Gengið um skólann og hann tekinn út**. Þær athugasemdir sem bárust eru eftirfarandi:

- Vantar hurðir á nokkra skápa í unglingsdeild
- Vantar karm á hurð inn í hópaherbergi í unglingsdeild

- Spurning hvort hægt sé að setja raflæsingu á salerni fyrir starfsfólk á unglíngagangi
- Væri gott að setja állista eða eitthvað annað á vegg við sæti milli hæða, brotnar út úr því eða börn eru að plokka/skemma.
- Segull sem heldur brunahurð niðri hjá náttúrufræðistofu er stundum að losna af veggnum, þarf að skoða hvað er hægt að gera?
- Slökkvutækjamerki að losna af veggnum fyrir framan þvottahúsið
- Skemmdir í sætum á gangi – nemendur stinga með blýanti
- Vantar læsingar utan á búningaklefum í íþróttahúsi
- Tjald milli sala í íþróttahúsi er slitið, þarf að laga
- Brotið gereft á hurð í íþróttahúsi.

8. Önnur mál

- Símamálin hjá unglíngum, þurfum að klára að vinna úr skólaþingi og koma því í farveg.
- Fá starfsfólk til að fylgjast extra vel með körfurólunni
- Hækkun á verði frá Skólamat er mikil fyrir foreldra.
- Leyfa nemendum að segja frá þeirra upplifun af matnum, spurning hvort þau eru ánægð eða ósátt. Sumum finnst of mikil læti í matsalnum, sumir fá að borða á bak við tjöld.
- Vantar klukku inn á unglíngadeildargang.

Næsti fundur verður 29.nóvember